

Spurning 4 - hvernig getur bætt samvinna íþróttafélaga, skóla og sveitarfélaga á Íslandi leitt til enn betri árangurs í íþróttum?

Samvinna er lykilatriði - verður að spila saman - sýna starfinu virðingu

Taka tillit til þarfa félaga og afrekssólks -

Nýta styrkleika hvers aðila með samvinnu, ekki reyna að koma verkefnum af sér á aðra aðila

Fjármagn fylgi í samræmi við kröfur og með samstarfsverkefnum.

1. Íþróttir verða fastur hluti af námi og eru til eininga (að ákveðnum skilyrðum uppfylltum)
2. Þjálfarar íþróttafélaga viðkomandi bæjarfélags verði að hluta starfmenn viðkomandi menntastofnunar.
3. Stuðla að betri samvinnu íþróttafélaga og skólakerfis við að halda ungu fólki innan íþróttahreyfingarnnar við skipulagt íþróttastarf.

1. Liðka til fyrir fleiri klukkustundum í íþróttir. Mikil hagræðing.

2. Aukinn skilningur, og aukin virðing fyrir íþróttum innan bæði sveitarfélaga og skóla m.t.t. þarfa íþróttafólks. Meira samtal og skilningur á þörfum íþróttamannsins, sem m.a. myndi koma í veg fyrir ofþjálfun og stuðla að betri andlegri og líkamlegri heilsu.

3. Opna á leiðir til þess að félög gætu sinnt íþróttifræðilegum hluta með meiri tengingu við sveitarfélög, t.d. með því að sveitarfélög standi undir kostnaði þjálfara og íþróttamenntaðra einstaklinga innan félaga.

4. Eykur möguleika á að mannvirki sveitarfélaga fái sem mesta nýtingu. Opna fyrir sveigjanlegri æfingátíma í góðu samráði við skóla.

Getum við innleitt íþróttir meira inni skólana? Eins og að börn 1-4. bekk æfi íþrótt á skólatíma? Þjálfarar íþróttafélaga geti komið meira inni skólustarf líka, sérstaklega yngri barna og aukið áhuga og koma fleiri börnum í íþróttir. Er hægt að koma þessu alveg inni fríundaheimilin til dæmis?

Við þurfum einnig að jafna tækifæri til iðkunar og sum börn þurfa meiri aðstoð og stuðning í skóla og þurfa þá líka að fá þann stuðning í íþróttum, þar þarf sveitafélagið að koma inn með stuðning.

Við teljum að börn séu líklegri til að finna sína íþrótt með því kynnast fleiri íþróttum.

Gera starfsumhverfi betra fyrir mannauðinn, með því að gera þeim kleift að æfa fyrr á daginn.

Skólasamfélagið þarf að vinna með íþróttafélaginu og sérsambandinu og veita sveiganleika í námi fyrir íþróttafólkið.

Upplýsingaflæði á milli allra aðila verður betra með samvinnu. Starfið verður allt skilvirkara með góðu samtali á milli aðila. Það verður aukin velferð til barna og íþróttafólks. Samstarf skilar heilbrigðari og tilbúnari einstaklingum á afrekssvið. Bætt aðgengi að aðstöðu fyrir íþróttafólk, minni hætta á að missa þá sem eru efnilegir. Virðing allra fyrir störfum hvors annars.

1. Samtal á milli aðila um börn og þjálfun þeirra - draga úr hættu á meiðslum.

2. Heildstæð þjónusta fyrir börnin þannig að íþróttaiðkun sé hluti af deginum og börn séu ekki háð t.d. skutli frá foreldrum.

3. Aukin vitundarvakning um hvað er í boði.

Samvinna, samvina, samvinna lykilatriði í þessu. Koma á samvinnu milli þessara aðila, skóla, félagsmiðstöðvar, íþróttafélaga og sveitarfélaga.

Íþróttaverndarráð, líkt og nemendaverndarráð. Einstaklingsmiðaðra samstarf. Hvað þarf þessi einstaklingur frá okkur til að vera afreksmanneskja í lífinu?

Þetta samstarf eykur líkur á að þessir krakkar verði afreks

þá kemur aftur að aðstöðumálum - sveitafélög og ríki þurfa að græja góða aðstöðu fyrir allar íþróttir

Spurning 4 - hvernig getur bætt samvinna íþróttafélaga, skóla og sveitarfélaga á Íslandi leitt til enn betri árangurs í íþróttum?

1. Hafa íþróttakennara í styttri tíma inn í skólunum svo þeir hafi tök á því að fara í þjálfun um t.d kl 2 (eins og hægt var fyrir byndingu til 4 hjá íþróttakennurum)
2. Hjálpa krökkum að finna sína íþrótt með því að niðurgreiða þegar að þau eru í fleirri en einni íþrótt (t.d þriðja íþróttin frí o.s.frv.)
3. Passa að krakkar geti stundað sína íþrótt með því að gefa meiri sveigjanleika. reyna að hafa mismunandi greinar ekki á sama tíma fyrir sama aldur (svo að þau geti æft fleirri en eina greina).

- Betri nýting á tíma

- Meiri líkur á að börn finni sína grein og haldist lengur í íþróttum

- Samstarf félaga á ákveðnum svæðum vonandi eflist og þau bestu fá að æfa saman

- Ef góð samvinna er til staðar eykur það líkurnar á því að íþróttamenn nái lengra og haldist áfram í íþróttinni.
- Jákvæð umræða og fræðsla um afreksíþróttir út á við skiptir miklu máli til þess að þetta umhverfi verði heillandi fyrir íþróttakrakkana sem koma upp úr grunnskólanum.
- Auka möguleika afreksíþróttakrakka á því að stunda einhversskonar vinnu eins og yfir sumartímamann með sveigjanleika til þess að stunda sína íþrótt af kappi.

1. 3ja ára framhaldsnám - brottfall úr íþróttum og nemendur ekki að koma eins vel undirbúin í háskóla. Einstaklingsmiðuð námskrá fyrir nemendur á afreksbrautum. Nemendur í íþróttum ekki að fá nægjanlegan svefn t.d. vegna mikils álags í skólum og þau fá æfingartíma seint á kvöldin. Passa þarf uppá að skapa þarf aðstæður til þess að ungmenna geti æft sem fyrst á daginn - helst á skólatíma eða strax eftir skóla.

2. Mikið álag á íþróttamannvirki - gæta þess að almenningstími og æfingartími komi ekki niður á æfingaiðkun barna og unglinga.

3. Bætt samvinna getur skilað sér á ábata á mörgum sviðum. Faglegri þjálfun/menntun, minni streitu/álagi fyrir ungmenni. Samvinna íþróttahéraða (starfsvæða) er lykilatriði. Sérstaklega félaga innan íþróttahéraða.

1.Framhaldsskólar þurfa að vera mun sveigjanlegri að meðaltali. Setja samhæfðar reglur um meðhöndlun afreksíþróttafólks á framhaldsskólastigi. Að það sé ekki einn sem veitir leyfi fyrir æfingabúðum og öðru en annar sem tekur alveg fyrir að nemendur fái nokkurskonar leyfi.

2.Sveigjanleikinn er lykilatriði. Flestir geta bætt sig hvað varðar sveigjanleika á námi til að afreksíþróttafólk geti sinnt íþróttinni sinni betur samhliða námi.

3.Það væri frábært að fá þessa einstaklinga að borði fyrir hvern afreksíþróttamann og gera skipulag fyrir aðgengi að íþróttamannvirkjum (sveitarfélag), nám og hvenær og hvernig því er sinnt (skólar) ásamt því hvernig er hægt að haga íþróttæfingum til að hámarka árangur bæði í íþróttum sem og í námi (íþróttafélög/þjálfarar).

Klárlega gæti sveitarfélögin opnað á sveigjanleika varðandi samspil náms og íþróttar.

Dual carrier pælingar.

Bætt samvinna mun alltaf leiða af sér góða hluti.

#Ekki blanda grunnskólum inn í þessa umræðu. Framhaldsskólar eru mikilvægir í þessarri umræðu.

1. Nauðsynlegt að auka sveigjanleika frá t.d. HÍ fyrir íþróttafólk - geta ekki staðist kröfur vegna t.d. mætingaskyldu og ósveigjanleika. Skólaskipulagið þarf að lag!!!

2. Markviss uppbygging íþróttamannvirkja.

Spurning 4 - hvernig getur bætt samvinna íþróttafélaga, skóla og sveitarfélaga á Íslandi leitt til enn betri árangurs í íþróttum?

Sameiginlegan rekstur og sýn á þarfi skóla og íbúa

Fagleg samvinna t.d fagfólk í skólum bundið í viðveru til 16 en er toppfólk í þjálfun og þarf að vera laust fyrr á deginum til að sinna m.a. þjálfun

Rekstur íþróttafélaga, samstarf íþróttamannvirkja

1 - Búa til einstaklingsmiðaðar starfsáætlanir íþróttafólks sem skóli tekur tillit til og sveitarfélög astoða við m.t.t. aðstöðu, fjármagns og fleira. Þannig sleppa íþróttafólk og foreldrar við að potast endalaust í að fá leyfi, sækja um styrki og svo framveigs.

2 - Íþróttamiðaðar efrideildir í skólum - sem verða miðaðar við tiltekna eða tiltekna íþróttir í stað þess að allir séu fyrir alla. Knattspyrnskóli, handboltaskóli, fimleikaskóli og svo framvegis.

3 - Vinna saman að bættri lýðheilsu almennt og þrýsta saman á um endurskoðun námsskrár þar sem lýðheilsu og íþróttum er gert hærra undir höfði.

Það þarf að auka skilning á mikilvægi samvinnunnar í samfélaginu, t.d. í skólum og á meðal foreldra. Með því að skólinn hlúi betur að andlegri líðan nemenda og kenna þeim að andleg heilsa er mikilvæg og eðlilegt að ræða við fagaðila um andlega heilsu og líðan.

Sveigjanleg stefna varðandi mætingu í skóla. Bein samvinna milli skóla og íþróttafélags um íþróttatengt frístundastarf. Sveitafélög opini skólana fyrir íþróttafélögum.

Skilningur og stuðningur við íþróttaiðkun nemenda, finna leiðir fyrir nemendur til að stunda námið sitt burtséð frá hvaða bakland þeir hafa heima fyrir.

Finna leiðir fyrir börn úti á landi til að geta stundað íþróttina sína (eða íþróttir yfir höfuð) án þess að þurfa að ferðast mjög langar vegalengdir.

Gefa þjálfurum meira vægi, að íþróttafélög geti haft fleiri þjálfara, jafnvel í fullu starfi, sem geta þá einbeitt sér algjörlega að því en að þjálfunin sé ekki "bara" aukavinna.

Afreksefni þurfa tækifæri/sveigjanleika til að stunda sína íþrótt meðfram námi. Gætu þurft lengri tíma til að klára sitt nám, þ.e. þurfa að geta gert það á sínum hraða. Samvinna milli þessara aðila ætti að geta gert þeim þetta kleyft. Ef það á að vera jafnt aðgengi fyrir alla til að stunda íþróttir (farsældarlögin), þá þarf aftur að leyfa kynningar á íþróttastarfi í skólum. Viljum að sem flestir stundi íþróttir sem lengst, þannig eru meiri líkur að við fáum/finnum einstaklinga sem skara fram úr.

1. Meiri sveigjanleiki í tíma iðkenda til stunda nám samhliða íþróttum. Endurskoða íþróttakennslu þar sem nemendur geta fengið verkefni við hæfi og í anda/þágu fjölbreyttra íþróttar og koma á fót íþróttagrunnskólum þar sem nemendur geta stundað sínar íþróttagreinar á unglingsstigi að einhverju stigi. Slíkur skóli myndi þá líka vera með íþróttagildin samofin við önnur gildi skólans.

2. Samnýta mannauð, mannvirki, fræðslu og stuðningsnet milli aðila.

3. Skilgreina ávinning samstarfs fyrir iðkendann, íþróttafélagið, grunnskólann, framhaldsskólann, sveitarfélagið, astoða við samræmingu og skipulagningu á slíku samstarfi.

A. Aðstoða nemendur við að velja skóla við hæfi og tengja við afreksbrautir í skólum erlendis.

B. Stuðla að því að skapa umhverfi i heimabyggð, nærumhverfi, með skólafélögum og íþróttafélagi.

C. Sv.fél stuðli að bættri nýtingu aðstöðu og aðgengis að því sem til er.

Spurning 4 - hvernig getur bætt samvinna íþróttafélaga, skóla og sveitarfélaga á Íslandi leitt til enn betri árangurs í íþróttum?

Að fá alla aðila í synci. Að allir séu í sömu keðju. Allt samfélagið sé á sama borði og vinni sem ein heild. Skólakerfið veiti sveigjanleika fyrir íþróttafólk að stunda sína íþrótt, virkt samtal á milli aðila. Mismunandi íþróttagreinir fái líka jafnt svigrúm í skólakerfi og hjá sveitarfélögum.

Varðandi skóla, veita sveigjanleika og byggja stundatöflu upp í kringum æfingatíma afreksfólks.

Annar vinkill er vinnutími kennara sem oft eru einnig íþróttþjálfarar, að vinna til kl.16 hamlar þeim að þjálfra þeirra íþrótt. Köllum eftir sveigjanleika á þeirra vinnutími að geta sinnt henni þegar þeim hentar.

Stytting framhaldsskóla mikil áhrif, bæði varðandi brottfall úr greinum eins og við þekkjum en einnig erum við að missa hóp framtíðarþjálfara, hafa ekki svigrúm til þess að taka sín fyrstu skref í þjálfun, missum unga efnilega þjálfara með sérhæfða þekkingu sem tapast.

Þriðji vinkillinn snýr að andlegri og líkamlegri heilsu ungmenna en það er að byrja skólann seinna á daginn almennt en einnig fyrir afreksfólk sem oft fer á morgunæfingar áður en skóli hefst sem er ekki vænlegt ef hámarka á nýtingu æfingar, m.a. með tilliti til orkustigs, líkamsklukkuna og endurheimtar og næringar. Stórt lýðheilsuástand sem þarf að skoða vandlega.

Varðandi sveitarfélögin, áminning frá því í morgun, algjört grundvallaratriði að þau viðhaldi og betrubæti eftir þörfum þau íþróttamannvirki sem þau búa yfir.

-Að heimila sameiginlega þjálfun íþróttamanna í sömu íþróttagreinum frá mismunandi íþróttafélögum. (Þessu atriði er beint sérstaklega til íþróttafélaganna).

-Mikilvægt að skólarnir taki virkari þátt í íþróttahreyfingunni t.d. með því að auka möguleika íþróttará að kynna sitt starf innan skólanna. Ljóst er að skólastjórnendur og kennarar hafa með markvissum hætti sett ljón í veg íþróttahreyfingarinnar og gert allt sem í sínu valdi stendur til að loka á samstarf við íþróttir sem eru einstaklega mikil vonbrigði.

Má bæta foreldrum inn í samvinnuna (mögulega hugsaðir innan íþróttafélaganna).

Minkar brottfall úr íþróttum.

Meiri stuðningur fyrir börnin með bættri upplýsingagjöf hefur jákvæð áhrif á alla sem koma að málum. Stærra stuðningsnet sem þú þarft ekki að ellta uppi. Umgjörðin verður betri/faglegrí óháð persónulegu baklandi.

Sameiginleg markmið og sýn þannig að allir stefni í sömu átt.